




Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2023



vísir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölpættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur fjórðungsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 5.860 millj. kr. samanborið við 5.682 millj. kr. á sama tímabili árið 2022. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 213 millj. kr. en var 207 millj. kr. á sama tímabili árið 2022. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 32.448 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé samstæðunnar nam 8.454 millj. kr. og var eiginfjárlutfallið 26,1%.

Sala á stofnneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Kaup á Já hf.

Félagið hefur náð samkomulagi um kaup á öllu hlutafé Eignarhaldsfélagsins Njálu, móðurfélags Já hf. sem rekur vefsíðuna ja.is. Samkvæmt kaupsamningi mun Já selja dótturfélagið GI Rannsóknir, sem heldur utan um rekstur Gallup á Íslandi, til þriðja aðila fyrir afhendingu hins selda.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Kaup á eigin bréfum

Þann 17. febrúar tók stjórn ákvörðun um að ljúka endurkaupaætlun sem hafði verið í gangi frá 7. nóvember 2022. Sama dag var sett í gang öfugt útboð sem lauk þann 20. febrúar. Félagið keypti í öfuga útboðinu 13.559.322 hluti fyrir 800 millj. kr. Félagið átti samtals 17.375.208 í lok fyrsta ársfjórðungs 2023 eða um 6,47% af útgefnu hlutafé. Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 19. apríl og eru útgefni hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 millj. kr. vegna rekstrarársins 2022. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 millj. kr. innt af hendi þann 5. apríl og endurspeglast skuldbindingin meðal skammtímaskulda þann 31. mars 2023.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. mars 2023 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar, frh.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. maí 2023

Stjórn

Jón Skaftason, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Hákon Stefánsson

Páll Gíslason

Salóme Guðmundsdóttir

Forstjóri

Yngvi Halldórsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2023 1F	2022 1F
Fjárhagsupplýsingar		
Heildartekjur	5.860	5.682
Rekstrarhagnaður (EBIT)	428	401
EBITDA tímabilsins	1.497	1.710
Hagnaður fyrir tekjuskatt	218	259
Hagnaður tímabilsins	213	207
Hagnaður á hlut	0,79	0,77
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	559	285
Fjárfestingar í sýningarrétti	561	531
Frjálst fjárflæði (FCF)	53	484
Handbært fé frá rekstri	921	1.107
	31.3. 2023	31.12. 2022
Hreinar vaxtaberandi skuldir	17.546	16.226

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2023

	Skýr.	2023 1F	2022 1F
Seldar vörur og þjónusta	5	5.860	5.682
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(3.791)	(3.666)
Framlegð		2.069	2.016
Rekstrarkostnaður	7	(1.641)	(1.615)
Rekstrarhagnaður		428	401
Fjármunatekjur		19	21
Fjármagnsgjöld		(275)	(221)
Gengismunur		46	58
Hrein fjármagnsgjöld		(210)	(142)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		218	259
Tekjuskattur		(5)	(52)
Hagnaður tímabilsins		213	207
<i>Rekstrarliðir færðir beint á elgið fé:</i>			
Þýðingarmunur		(17)	(26)
Heildarafkoma tímabilsins		196	181
Hagnaður á hlut		0,79	0,77

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

31. mars 2023

	Skýr.	31.3.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Leigueignir		8.480	8.620
Rekstrarfjármunir		2.818	2.866
Viðskiptavild		8.891	8.906
Aðrar óefnislegar eignir		4.442	4.389
Langtímaleigukröfur		156	157
Eignahlutir í félögum		178	185
Tekjuskattsinneign		151	158
Fastafjármunir samtals		25.116	25.281
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.848	1.809
Birgðir		968	559
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	3.349	3.650
Handbært fé		603	2.063
Veltufjármunir samtals		6.768	8.081
Eignir flokkaðar til sölu	10	564	564
Eignir samtals		32.448	33.926
Eigið fé			
Hlutfé		2.510	2.668
Yfirverðsreikningur hlutfjár		34	806
Annað eigið fé		128	129
Óráðstafað eigið fé		5.782	5.866
Eigið fé		8.454	9.469
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		4.704	4.801
Leiguskuldbindingar		11.861	11.820
Langtímaskuldir samtals		16.565	16.621
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		458	373
Leiguskuldbindingar		1.126	1.295
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	5.845	6.168
Skammtímaskuldir samtals		7.429	7.836
Skuldir samtals		23.994	24.457
Eigið fé og skuldir samtals		32.448	33.926

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2023

	Hlutfé	Yfirverð	Annað eigið fé			Eigið fé samtals
			Þýðingarmunur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	
1.1. til 31.3.2022						
Eigið fé 1.1.2021	2.964	2.465	49	20	5.037	10.535
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	207	207
Þýðingarmunur	-	-	(26)	-	-	(26)
Helldarafkoma tímabilsins	0	0	(26)	0	207	181
Keypt eigin bréf	(280)	(1.580)	0			(1.860)
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.				22	(22)	0
Eigið fé 31.3.2022	2.684	885	23	42	5.222	8.856
1.1. til 31.3.2023						
Eigið fé 1.1.2023	2.668	806	50	79	5.866	9.469
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	213	213
Þýðingarmunur	-	-	(17)	-	-	(17)
Helldarafkoma tímabilsins	0	0	(17)	0	213	196
Keypt eigin bréf	(158)	(772)	-	-	-	(930)
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.	-	-	-	16	(16)	0
Ákvarðaður arður	-	-	-	-	(281)	(281)
Eigið fé 31.3.2023	2.510	34	33	95	5.782	8.454

Á fjórðungnum keypti félagið 15.762.322 hluti fyrir 930 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.612.886 hluti. Eftir lok tímabilsins, þann 19. apríl, var hlutféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og eru útgefnir hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 millj. kr. vegna rekstrarársins 2022. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 millj. kr. innt af hendi þann 5. apríl og endurspeglast skuldbindingin meðal skammtímaskulda þann 31. mars 2023.

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 31. mars 2023

	Skýr.	2023 1F	2022 1F
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		213	207
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	1.068	1.309
Söluhagnaður		0	(2)
Hrein fjármagnsgjöld		210	142
Tekjuskattur		5	52
Veltufé frá rekstri		1.496	1.708
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		(262)	(93)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		359	1.595
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(420)	(1.907)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.173	1.303
Innborgaðar vaxtatekjur		19	21
Greidd vaxtagjöld		(271)	(215)
Greiddur tekjuskattur		0	(2)
Handbært fé frá rekstri		921	1.107
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(312)	(167)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(247)	(118)
Fjárfesting í sýningarrétti		(561)	(531)
Sala rekstrarfjármuna		0	2
Keyptir eignarhlutir		0	(5)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(1.120)	(819)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir vaxtaberandi skulda		(132)	(119)
Rekstrarlán, breyting		120	(40)
Afborgun leiguskuldbindinga		(317)	(383)
Keypt eigin bréf		(930)	(1.860)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		(1.259)	(2.402)
Breyting á handbæru fé		(1.458)	(2.114)
Handbært fé í byrjun tímabils		2.063	4.214
Gengisbreyting á handbæru fé og þýðingarmunur		(1)	(7)
Handbært fé í lok tímabilsins		603	2.093

Skýringar á bls. 10-12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árslutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 hefur að geyma árslutareikning félagsins, dótturfélags þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskillin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árslutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árslutareikninga skráðra félaga. Árslutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2023 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árslutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2022. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands, www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárslutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárslutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfspáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2023	2022
	1F	1F
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:		
Vörusala	329	274
Seld þjónusta	5.531	5.408
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.860	5.682

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
1.1. til 31.3.2023								
Tekjur	2.165	1.109	1.200	116	702	329	239	5.860
1.1. til 31.3.2022								
Tekjur	2.107	1.122	1.401	129	465	274	184	5.682

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2023	2022
	1F	1F
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:		
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.343	2.059
Laun og launatengd gjöld	728	614
Eignfærð laun	(56)	(35)
Afskriftir	777	1.028
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.791	3.666

7. Rekstrarkostnaður

	2023	2022
	1F	1F
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	403	407
Sölu- og markaðskostnaður	95	80
Laun og launatengd gjöld	929	926
Eignfærð laun	(77)	(79)
Afskriftir	292	281
Rekstrarkostnaður samtals	1.641	1.615

8. Afskriftir

	2023	2022
	1F	1F
Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna	226	220
Afskriftir óefnislegra eigna	179	179
Afskriftir afnotaréttar	334	311
Afskriftir sýningarréttar	329	599
Afskriftir samtals	1.069	1.309

Endursamningar við birgja hafa áhrif á afskriftir fyrsta fjórðungs 2023 til lækkunar.

9. Viðskiptakröfur

	31.03.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	2.980	3.314
Aðrar skammtímakröfur	411	401
Leigukröfur	25	24
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(66)	(89)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.349	3.650

Skýringar, frh.:

10. Sala á stofnneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr. og mun bókfærast að fullu við afhendingu.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingapörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann.

Viðskiptin eru til meðhöndlunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.03.2023	31.12.2022
Viðskiptaskuldir	3.654	4.241
Ógreiddur virðisaukaskattur	374	319
Fyrirfram innheimtar tekjur	489	560
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	1.048	1.048
Ákvarðaður arður	281	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.845	6.168

12. Önnur mál

Sýn hf. á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðargreiðslur með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurða, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Um málarekstur Sýnar hf. vísast í ársreikning 2022 en engar verulegar breytingar hafa átt sér stað frá árslokum 2022.